

Þorlákshafnarhöfn
B.t. Hjartar Jónssonar
Hafnarbakka 8
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 15. apríl 2019
UST201812-009/K.S.B.
08.25.02

Efni: Varp í hafið - Þorlákshöfn

Vísað er til erindis Hafnarsjóðs Þorlákshafnar, dags. 28. nóvember 2018, þar sem óskað er eftir leyfi til varps í hafið vegna viðhaldsdýpkana í höfninni. Fram kemur í erindinu að nauðsynlegt sé að dýpka innsiglinguna að höfninni á hverju ári svo hún haldist opin fyrir reglubundnar siglingar stærri skipa. Óskað er eftir leyfi til að varpa í hafið 49.000 m³ af dýpkunarefni á ári næstu þrjú ár eða til loka ársins 2021. Losunarstaðurinn hefur áður verið notaður vegna dýpkana í Þorlákshöfn.

Umhverfisstofnun benti Hafnarsjóði Þorlákshafnar á að tilkynna þyrfti framkvæmdina til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna. Tilkynningin barst Skipulagsstofnun 29. janúar sl. og liggur nú fyrir ákvörðun stofnunarinnar dags. 13. mars sl. um að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í ákvörðun sinni tekur Skipulagsstofnun þó undir þá ábendingu sem fram kom í umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar að ástæða sé til að kanna hvort losun kunni að hafa einhver áhrif á selalátur í nágrenninu en tekur fram að áhrifin verði að öllum líkindum tímabundin vegna ónæðis við efnisflutninga.

Umhverfisstofnun óskaði eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um framangreint erindi í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umsögn Hafrannsóknastofnunar barst 9. apríl sl. þar sem tekið er undir með Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun að ástæða sé til þess að fylgjast með sellátrum landssels austan og vestan Þorlákshafnar vegna bágrar stöðu landsselsins við Ísland. Stofnunin gerir ekki frekari athugasemdir við erindið.

Með hliðsjón af framansögðu og umsögn Hafrannsóknastofnunar veitir Umhverfisstofnun hér með leyfi til að varpað verði í hafið 49.000 m³ af dýpkunarefni á ári næstu þrjú ár eða til loka árs 2021 vegna dýpkunar í samræmi við lýsingu Hafnarsjóðs Þorlákshafnar með eftirfarandi skilyrðum:

1. Umhverfisstofnun verði tilkynnt um upphaf og lok dýpkunar.
2. Halda skal verkskrá um dag- og tímasetningu, hnit og rúmmál varps innan losunarsvæðis og skila til Umhverfisstofnunar innan mánaðar eftir lok verks.
3. Verði fyrirsjáanlegar breytingar á verkinu skulu þær breytingar tilkynntar fyrirfram til Umhverfisstofnunar sem metur hvort þörf er á nýrri umsókn um varp í hafið.

Brot gegn skilyrðum þessum kunna að varða viðurlögum samkvæmt 25. gr. og/eða sektum samkvæmt 26. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun beinir þeim tilmælum til framkvæmdaraðili, að gæta varúðar við efnislosun dýpkunarefnis, þ.e. að hún hafi ekki neikvæð áhrif á sellátur landssels austan og vestan Þorlákshafnar. Sérstaklega þegar selirnir eru að kæpa (maí-júní). Staðsetning sellátra má nálgast í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://selalatur.ni.is/>).



Virðingarfyllst

Katrín Sóley Bjarnadóttir
Katrín Sóley Bjarnadóttir
Sérfræðingur

Ólafur A. Jónsson
Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri